

Hafnarfirði 28. júní 2023.

Til þeirra sem málið varðar.

Nú eru liðin tæp fimm ár frá því ég var leystur frá embætti setts ríkisendurskoðanda til þess að annast endurskoðun og hafa tilgreint eftirlit með framkvæmd samnings milli fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf., dags. 29. apríl 2016, um umsýslu og fullnustu stöðugleikaeigna sem Seðlabanki Íslands tók á móti frá slítabúum fjármálafyrirtækja. Ég hafði þá sinnt því verkefni í um tvö ár.

Samhliða því að ég lauk störfum tók ég saman greinargerð um stöðu verksins og vakti sérstaka athygli á tilteknum atriðum, sem ég hafði ekki, þrátt fyrir beiðnir þar um, fengið upplýsingar og svör við. Meðal þessara atriða voru upplýsingar um verðmat og ráðstöfun tiltekinna eigna, sem ég taldi þörf á að kanna betur með tilliti til þess hvort þar hefði verið fylgt þeim reglum, sem fylgja átti samkvæmt samningnum, og því sem byggt hafði verið á af hálfu Alþingis við gerð samningsins og almennt gildir um ráðstöfun eigna ríkisins.

Þetta verkefni tók ég að mér og sinnti sem settur embættismaður Alþingis og við lok þess starfs taldi ég rétt að gera Alþingi grein fyrir stöðu verksins og þá m.a. hvaða atriði gæfu tilefni til frekari upplýsingaöflunar og mats á því hvort rétt hefði verið staðið að málum. Ef þeir, sem tóku síðar við þessu verkefni þ.e. ríkisendurskoðandi og stjórn Lindarhvols ehf., teldu ekki tilefni til að hirða frekar um þau efnisatriði, svo sem mat á verðmæti eigna og söluverð í því sem ég hafði vakið máls á, var það auðvitað þeirra að færa rök fyrir sinni niðurstöðu gagnvart Alþingi. Það er svo Alþingis að taka afstöðu til þess hvort það lætur þær niðurstöður og mat standa eða hvort greinargerðar minnar og önnur þau gögn, sem fram hafa komið, ef þau gefa tilefni til annars.

Ég var settur ríkisendurskoðandi af hálfu Alþingis með bréfi forseta Alþingis, dags. 19. september 2016, til að fara meðan setningin varði með eftirlit og endurskoðun vegna málefna Lindarhvols ehf. Á þeim tíma fór ég með og bar sjálfstætt skyldur ríkisendurskoðanda vegna þessa máls gagnvart Alþingi. Það var því ekki verkefni kjörins ríkisendurskoðanda að hafa afskipti af því hvernig ég rækti þetta verkefni eða að gera Alþingi grein fyrir því að loknu starfi mínu. Á mér sem settum ríkisendurskoðanda hvíldu og hvíla lögbundnar reglur um þagnarskyldu.

Með bréfi forseta Alþingis, dags. 10. ágúst 2018, var ég leystur frá störfum sem settur ríkisendurskoðandi.

Í greinargerð minni frá júlí 2018 sem hér fylgir með er gerð grein fyrir störfum mínum í tengslum við starfsemi Lindarhvois ehf. frá stofnun félagsins um miðjan apríl 2016 þar til í maílok 2018 ásamt tímabilinu janúar 2016 til miðs apríl sama árs en þá var umhirða stöðugleikaframlaga í umsjón og ábyrgð Steinars Þ. Guðgeirssonar hrl. í umboði Seðlabanka Íslands og Fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Með breytingu á lögum nr. 24/2016 um Seðlabanka Íslands með síðari breytingum (stöðuleikaframlag), sem samþykkt voru á Alþingi 17. mars 2016. Var lögð áhersla á að eftirfarandi atriði:

Að allt ferlið við sölu og ráðstöfun félagsins á eignum sé skýrt og ljóst og að ávallt liggi fyrir á hverjum einstakur ákvarðanir séu byggðar. Einungis með því verði ferlið gagnsætt. Varðandi hlutlægni þurfi rækilega að ganga úr skugga um að uppfylltar séu hæfniskröfur til þeirra sem fjalla um einstök mál. Markmiðið sé ávallt að hámarka verðmæti eignanna gagnvart ríkissjóði en einnig skal kappkostað að stilla kostnaði við rekstur félagsins og sölu eigna í hóf. Að ákvæði stjórnýslulaga og upplýsingalaga skyldu lögð til grundvallar starfsemi félagsins.

Með bréfi, dags. 17. janúar 2018, óskaði ég eftir upplýsingum um með hvaða hætti ráðuneytið hefði komið að undirbúningi og gerð samnings um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaeigna við Lindarhvol ehf. og ráðningu Steinars Þ. Guðgeirssonar hrl. Í svari ráðuneytisins kemur fram að ráðuneytið hafi unnið að samningsdrögum sem lögð voru fram á fyrsta stjórnarfundum Lindarhvois ehf. Þá kemur fram í svari ráðuneytisins að Steinar Þór væri ákjósanlegur kostur, hefði yfir að ráða umfangsmikilli reynslu af sambærilegum störfum fyrir Seðlabankann og hefði yfirburðabekkingu á þeim eignasöfnum sem um ræddi og hann þekkti öðrum betur efni samninga um afhendingu stöðugleikaframlaga.

Í nefndri greinargerð minni eru gerðar fjölmargar athugasemdir við framkvæmd Lindarhvois ehf. á samningi félagsins við Fjármála- og efnahagsráðherra og við innra stjórnunarskipulag félagsins. Í greinargerðinni kemur m.a. fram að verulegur skortur hafi verið af hálfu félagsins á að veita mér nauðsynlegar upplýsingar sem beðið var um og það sama átti við um Seðlabankann og slitabú hinna föllnu banka. Ennfremur eru gerðar verulegar athugasemdir við það hvernig félagið ákvarðaði virði einstakra framlaga slitabúa bankanna. Það sama á við um kröfur til gæða gagna til bókonar skv. lögum um bókhald. Aðgangur að frumskjölum, sem vistuð voru hjá Lögmannsstofunni Íslögum ehf., voru ekki tiltæk við eftirlitið. Skýrslugjöf ráherra til Alþingis gerði ekki grein fyrir tilvist varasjóða sem skildir voru eftir hjá slitabúunum til að mæta rekstrarkostnaði þeirra.

Í greinargerð minni er m.a. lagt mat á sölu eignarhluta framlaga sem tengjast Klakka ehf. og voru framseld ríkissjóði af slitabúum Kaupþings ehf. og Glitnis ehf. og nam eignarhlutinn 29,43% í Klakka ehf. Við mat mitt á sölu eignarhluta slitabúanna í Klakka ehf. voru lagðar til grundvallar því mati þær upplýsingar sem lágu fyrir á þeim tíma og ég hafði aðgang að. Síðan hafa mér borist

upplýsingar sem tengjast innheimtu krafna og sölu eignasafns félagsins sem staðfesta þær niðurstöður. Klakki ehf. hefur í árslok 2020 lokið að mestu aðgerðum til innheimtu krafna kröfuhafa í Exista hf.

Heildarinnheimta framlaga og sala eigna sem tengjast Klakka ehf. nam alls 4.374 m.kr. í árslok 2020 sem skiptist þannig: Til ríkissjóðs voru greiddar 2.490 m.kr., til BLM fjárfestingar ehf. (að frádregnu kaupverði) 1.270 m.kr. og til slitabús Glitnis ehf. 614 m.kr. eða samtals 1.884 m.kr. til tveggja síðarnefndu aðila sem ríkissjóður varð af vegna sölu hluta í Klakka ehf..

Við skoðun mína á framkvæmd Lindarhvols á umhirðu og sölu eignarhluta ríkissjóðs í Klakka ehf. var leitað eftir upplýsingum og staðfestingum er tengdust sölunni. Í því sambandi voru m.a. eftirfarandi atriði til skoðunar: Ekki fór fram virðismat á eignarhluta ríkissjóðs við sölu. Viðmið stjórnarinnar var virði eignarinnar við framsal. Virði eignarhluta slitabúanna við framsal nam samtals 3.104 m.kr., það skiptis þannig að Kaupþings 1.551 m.kr. og Glitnis 1.553 m.kr. Af þeirri fjárhæð (3.104 m.kr.) hafði innheimts til söludags 1.617 m.kr., því til viðbótar var greitt vegna söluandvirðis til ríkissjóðs og sérstök greiðsla 873 m.kr. eða samtals 2.490 m.kr. sem nam 80% af virði við framsal. Þeim 20% sem eftir standa, 641 m.kr., var haldið eftir hjá slitabúi Glitnis ehf. sem hluta svonefnds fjársópseigna. Við skoðun mína á sölu eignarhlutans var framkvæmt virðismat þar sem áætlaður eignarhluti á söludegi var 2.200 m.kr. í samanburði við greiðslur vegna sölu að fjárhæð 1.112 m.kr. sem er helmingur af virðismatinu.

Í maímánuði 2021 barst mér skýrsla sem ber nafnið „Valuation of Klakki ehf. at 22 May 2016, 8 June 2016“. Skýrslan var unnin af endurskoðunarfyrtækinu Deloitte sem staðfest og er með áritun löggilds endurskoðanda Klakka ehf. um að upplýsingar sem lagðar voru fram í nefndri skýrslu af hálfu stjórnenda félagsins væru án athugasemda hans. Í skýrslunni er markaðsvirði eiginfjár Klakka ehf. sagt að fjárhæð 12.323 milljónir kr. Í greinargerð minni er markaðsvirði félagsins í dæmi 1 metið á 12.052 m.kr. og í dæmi 2 er metið 13.641 m.kr. sem var viðmið við útreikning á áætluðum eignarhluta ríkissjóðs í Klakka ehf. þann 30. júní 2016. Á þessum tíma sat lögfræðilegur ráðgjafi stjórnar Lindarhvols ehf. í stjórn Klakka ehf.

Við skoðun mína á sölu eignarhluta í Klakka ehf. voru gerðar eftirfarandi athugasemdir og/eða leitað eftir skýringum á eftirtöldum atriðum en ekki hafa fengist fullnægjandi svör við:

- Hver var ástæða þess að flokka stöðugleikaeign Glitnis ehf. sem fjársópseign við yfirtöku.
- Hverjar voru forsendur þess að flokka tiltekna greiðslur sem fjársópseignir að fjárhæð 614 m.kr. sem greiddar voru Glitni ehf.
- Hvert var tilefnið og hvers vegna greiddi Klakki ehf. í mars 2016 Glitni ehf. 375 m.kr..
- Þann 4. maí 2016 millifærði Kaupþing 210 m.kr. til ríkissjóðs vegna Klakka ehf. án þess að fram kæmi hver greiddi og hvert tilefnið væri.

Tilefni framangreinda fyrirspurna snúa að því hvers vegna framlag slitabús Glitnis var flokkað sem fjársópsframlag frá Klakka en aftur á móti var framlag Klakka sem tilheyrði Kaupþingi flokkað sem almennt framlag. Þannig hélt Glitnir hjá sér 375 m.kr. sem slitabúið óskaði eftir að fá greiddar í erlendri mynt. Við sölu hluta slitabús Glitnis í Klakka ehf. var gerð krafa af hálfu slitabúsins um að greiddar væru 300 þús. USA

dollarar af söluandvirðinu. Með því tók slitabúið til sín 239 m.kr. eða helming söluandvirðisins. Þá var millifært til ríkissjóðs af Kaupþingi 210 m.kr. í maí 2016 vegna Klakka sem ég hef ekki fengið upplýsingar um hver greiddi þrátt fyrir fjölda fyrirspurna þar um. Þá hefur ekki verið gerð grein fyrir af hálfu Lindarhvols hvert var tilefni greiðslna í maí- og marsmánuði 2016 og hvaða tilefni og skuldbindingar voru þeim samfara.

Í greinargerð minni frá júlí 2018, á bls. 64-66, er gerð grein fyrir sölu hlutabréfa í Vörukaupum ehf. Stjórn Lindarhvols ehf. samþykkti á fundi sínum 18. október 2016 hæsta tilboð í félagið að fjárhæð 151 m.kr. með fyrirvara um áreiðanleikakönnun á stöðu félagsins. Vörukaup réðu endurskoðunarfyrirtækið Deloitte til að framkvæma könnun á verðmæti viðskiptakrafna og vörubirgða félagsins. Á stjórnarfundum Lindarhvols ehf. 14. desember 2016 og þá með vísan til minnisblaðs frá Deloitte ákvað hún að lækka söluverð Vörukaupa ehf. um 20 m.kr. í 131 m.kr.

Við skoðun mína á sölunni voru gerðar athugasemdir við minnisblaðið vegna áreiðanleikakönnunar sem gagns stjórnar Lindarhvols ehf. við endurmat á söluverði félagsins. Minnisblaðið var ódagsett og var það ekki undirritað af starfsmanni endurskoðunarfyrirtækisins. Þá kemur aðeins fram á fyrsta blaðinu af þremur nafnið Deloitte sem tilvísun til þess að verkið hafi verið unnið af Deloitte. Þá hefði stjórn Lindarhvols ehf. átt áður en hún byggði ákvörðun sína um að lækka söluverðið að fá staðfestingu endurskoðunarfyrirtækisins á tilurð minnisblaðsins og hver væri ábyrgður fyrir gerð þess. Þá er ekki séð að tilefni hafi verið til m.t.t. niðurstöðu minnisblaðsins, að lækka söluverðið.

III

Eins og fram kemur hér að framan eru nú liðin tæp fimm ár frá því að ég skilaði „Greinargerð vegna eftirlits með framkvæmd samnings fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf. frá júlí 2018“ um starf mitt sem setts ríkisendurskoðanda í málefnum Lindarhvols ehf. til Alþingis. Á nefndu tímabili hef ég mætt á þremur fundum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis vegna greinargerðar minnar.

Í aprílmánuði 2020 skilaði þáverandi ríkisendurskoðandi skýrslu sinni um Lindarhvol ehf. til Alþingis. Meginniðurstaða Ríkisendurskoðunar er einkum sú, að mati hennar, að Lindarhvoll ehf. hafi skilaði góðri niðurstöðu hvað varðar innlausn á eignum úr stöðugleikaframlagi og að með viðamiklum reglum um starfsemi félagsins sem og metnaðarfullum markmiðum um ráðstöfun eigna á starfstímanum hafi tekist að uppfylla framangreind markmið.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis óskað eftir að ég mætti á fjarfund nefndarinnar hinn 25. maí 2020. Á fundinum var til umfjöllunar skýrsla Ríkisendurskoðunar frá apríl 2020. Fram kom á fundinum að nefndin hefði ekki séð greinargerð mína. Á fundinum var í stórum dráttum af minni hálfu gerð grein fyrir þeim viðfangsefnum sem til skoðunar komu í vinnu minni og að umfang og efnistöð væru önnur en fram kæmu í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Með bréfi 17. febrúar 2021 gerði ég grein fyrir á þrettán blaðsíðum þeim athugasemdum sem ég vildi vekja sérstaka athygli forseta Alþingis á og teldi nauðsyn á að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hefði til hliðsjónar við afgreiðslu nefndarinnar á skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Lindarhvals ehf.

Það næsta sem gerðist var, að ég var boðaður á fjarfund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis 19. ágúst 2021. Til umfjöllunar var m.a. bréf mitt frá 17. febrúar 2021. Í upphafi fundarins kynnti formaður nefndarinnar þá ákvörðun skrifstofu Alþingis að með nefnt bréf setts ríkisendurskoðanda skyldi fara sem trúnaðarmál og að honum bæri að taka og meta sjálfur hvaða atriði í bréfinu væru háð trúnaði við umfjöllun hans á fundinum. Ég benti á, að efni nefnds bréfs væri svar við skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í apríl 2020 um Lindarhvol ehf. sem væri opinbert gagn og því gæti ekki verið til staðar trúnaður við umfjöllun þess. Ég óskaði eftir því að mér væri kynnt hvaða atriði það væru í bréfi mínu, sem að mati skrifstofu Alþingis, leynd ætti að hvíla yfir. Ekki fengust svör við því. Ég taldi því rétt að ég sem hafði verið settur ríkisendurskoðandi í umræddu máli myndi ekki ræða efni bréfsins frá 17. febrúar 2021 að svo komnu máli á fundinum.

Þriðji fundur minn með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis var haldinn miðvikudaginn 7. júní sl. Á þeim fundi gerði ég grein fyrir áformum mínum um að senda málið til ríkissaksóknara til efnislegrar meðferðar. Fundurinn var lokaður þannig að fundarmenn voru bundnir þagnarskyldu.

IV

Með bréfi dags. 27. júlí 2018 var greinargerð mín send forseta Alþingis, á sama tíma var hún ásamt vinnugögnum, afhent Ríkisendurskoðun. Því til viðbótar upplýsingar, sem borist hafa mér síðan og varða málið, sem staðfesta enn frekar þær ábendingar og niðurstöður sem ég setti fram og bendi á í títtnefndri greinargerð frá júlí 2018. Á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hafa málefni Lindarhvals ehf. verið til umfjöllunar, m.a. í kjölfar birtingar skýrslu Ríkisendurskoðunar frá apríl 2020 um Lindarhvol ehf. Þá hafa stjórnendur Lindarhvals ehf. og Ríkisendurskoðunar haft með tilskrifum sínum til Alþingis lagst eindregið gegn því að greinargerð mín fái umfjöllun og afgreiðslu á Alþingi. Þannig hefur Alþingi allt frá árinu 2020 ekki afgreitt skýrslu Ríkisendurskoðunar né greinargerð mína og hefur forseti Alþingis lagst gegn því að hún verði birt.

Þar er ljóst að þær upplýsingar og mat mitt, sem koma fram í greinargerð minni um Lindarhvoll ehf. og tengjast fullnustu og sölu stöðugleikaeigna, eru önnur en fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá apríl 2020. Þar sem miklir hagsmunir eru undir í þessu máli fyrir ríkissjóð og þar sem ekki hefur fengist afgreiðsla ennþá á Alþingi á málefnum félagsins tel ég brýnt að embætti ríkissaksóknara taki málefni Lindarhvals ehf. til efnislegrar meðferðar og afgreiðslu. Í því sambandi vísa ég m.a. til kafla II í bréfi þessu og meðfylgjandi greinargerðar og fylgiskjala.

Virðingarfyllt,


Sigurður Þórðarson

frv. settur ríkisendurskoðandi.

Hjálagt:

Greinargerð setts ríkisendurskoðanda vegna Lindarhvals ehf. júlí 2018.

Bréf til Forsætisnefndar Alþingis, dags. 17. febrúar 2021.

Bréf til Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 23. nóvember 2022.

Deloitte Valuation of Klakki ehf. at 22 May 2016.

Bréf til Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, dags. 16. febrúar 2023.

Bréf Ríkisendurskoðunar, dags. 19. júní 2023, til setts ríkisendurskoðanda.